

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigu-bifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. sept. 1978:

Fiskmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 259.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUR

um skráningu og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m. og lengri o. fl.

1. gr.

Skráning skemmtibáta, skoðun o. fl.

- 1.1. Skemmtibátar 6 metra og lengri eru lögum samkvæmt skráningar- og skoðunarskyldir.
- 1.2. Skráningin fer fram hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða sýslumönnum og bæjarfógetum, gegn framvísun eignarheimildar (þinglýstrar sé báturinn 5 brl. eða stærri) og mælibréfs.
- 1.3. Við skráningu er bátnum úthlutað skráningarnúmeri með bókstaf fyrir aftan, skal það málað á báða bóga hans.
- 1.4. Báturinn skal skoðaður áður en hann er tekinn á skrá og síðan árlega. Að skoðun lokinni skal honum gefið haffærisskirteini, sé honum í engu ábótavant að mati skoðunarmanna.
- 1.5. Smíði skemmtibáta innanlands er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, ennfremur er innflutningur þeirra háður leyfi hennar.